

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. janúar 2015  
Tilvísun: UST20150100007/ksj

## Tillaga. Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010 - 2030 á svæði Norðurhafnar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 30. desember þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 - 2030 á svæði Norðurhafnar.

Breytingartillagan felur í sér nýja 1,7 ha landfyllingu innan norðurhafnar, lengingu viðlegukants við Bökugarð til norðurs og lítillega breytta útfærslu á brimvörn við Bökugarð.

### Landfylling

Umhverfisstofnun bendir á að við gerð landfyllinga við Húsavíkurhöfn skulu framkvæmdir falla að kröfum laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun bendir á að það hvort landfylling er háð leyfi Umhverfisstofnunar, fer eftir því hvort um er að ræða opna landfyllingu eða ekki. Samkvæmt leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis er opin landfylling skilgreind með eftirfarandi hætti í lögum nr. 33/2004:

*"Nýmyndun lands, yfirleitt varin að hluta með varnargörðum. Efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki. Telst vera varp í hafið í skilningi laganna."*  
Umhverfisstofnun bendir á að ef áætluð landfylling telst opin þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vernda náttúrulega fjöru milli svæða H2 og H3.

### Sjónræn áhrif

Fjallað er um í umhverfismati að bæði landfylling og stækkun hafnar muni breyta ásýnd frá því sem nú er, og eru áhrifin talin neikvæð. Í umfjöllun um sjónræn áhrif kemur ekkert fram um möguleg neikvæð sjónræn áhrif vegna áætlana um allt að 8 hæða byggingar á lóðum á iðnaðarhúsasvæði. Að mati Umhverfisstofnunar gætu svo háar byggingar haft neikvæð sjónræn áhrif á hafnarsvæðið þ.m.t. á bryggjusvæði er þjónar ferðamannaiðnaði. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu neikvæð sjónræn áhrif á staðarímynd Húsavíkur meiri af svo háum


byggingum, vegna þess að á svæði Húsavíkur eru ekki svo háar byggingar í dag,


### Sjávarbotn og lífríki sjávar

Fram kemur að sjávarbotn og hafnarsvæði er allur raskaður og að mjög takmarkað lífríki finnist þar. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að efnislosun á sjávarbotn og lenging hafnarbakka hafi óveruleg áhrif á sjávarfallsstrauma, sjávarbotninn og lífríki sjávar.

Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 - 2030.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfraðingur

  
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Teymisstjóri